

Borgarráð

Tillaga um aukaframlag til tónlistarskóla í Reykjavík vegna langtímaveikinda kennara

Lagt er til að samþykkt verði beiðni Söngskólans í Reykjavík um þátttöku Reykjavíkurborgar í kostnaði skólans vegna langtímaveikinda tveggja kennara skólans á sumarlaunum 2015, alls kr. 778.012.- Hlutaðeigandi kennarar kenndu að mestu nemendum sem fjármagnaðir eru af framlögum Jöfnunarsjóðs og verður óskað eftir endurgreiðslu frá sjóðnum í samræmi við það. Þessi útgjöld verði færð á kostnaðarstað M3010 og fjármögnuð af kostnaðarstað 09205 Ófyrirséð.

Lagt er til að samþykkt verði beiðni Tónlistarskólans í Reykjavík um þátttöku Reykjavíkurborgar í kostnaði skólans vegna veikinda kennara við skólann á sumarlaunum 2015, alls kr. 599.228.- Hlutaðeigandi kennari kenndi nemendum sem fjármagnaðir eru af framlögum Jöfnunarsjóðs og hefur þegar verið óskað eftir endurgreiðslu sjóðsins. Þessi útgjöld verði færð á kostnaðarstað M3010 og fjármögnuð af kostnaðarstað 09205, ófyrirséð.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg telur sér ekki skylt að samþykkja þessar beiðnir um þátttöku í veikindalaunum sem eru umfram umsamin framlög. Tillagan byggist á því mati að þetta sé nauðsynlegt í ljósi erfiðrar fjárhagsstöðu tónlistarskólanna um þessar mundir til að unnt sé að veita umsamda þjónustu við nemendur enda er gert ráð fyrir endurgreiðslu frá Jöfnunarsjóði.

Ekki er þörf á jafnréttismati á þessari breytingartillögu við fjárhagsáætlun ársins þar sem hún varðar að tryggja nemendum kennslu þrátt fyrir veikindi kennara og felur ekki í sér nýtt verkefni á vegum borgarinnar.

Tillagan felur ekki í sér breytingu á rekstrarniðurstöðu, efnahag og sjóðstreymi A-hluta.

Dagur B. Eggertsson

